Mat Seðlabankans á þróun og horfum í peninga-, gjaldeyris- og gengismálum:

Botninum náð og tekin að mjakast upp á við

„Bendir flest til þess að botni þeirrar efnahagslægðar, sem þjóðarbúskapurinn hefur gengið í gegnum undanfarin tvö ár, sé náð, þótt engin örugg merki almenns afturbata séu enn farin að koma fram," segir í nýrri greinargerð Seðlabankans um þróun og horfur í efnahagsmálum, sem á þessu ári hafi einkennst annars vegar af stöðnun í framleiðslu og hins vegar af góðu jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.

Verðhækkun sjávarafurða og nokkur merki aukinnar eftirspurnar eftir innflutningi og vinnuafli á síðari hluta ársins rennir stoðum undir spár um hægfara aukningu á þjóðarframleiðslu á næsta ári. Teljandi hagvöxt sér Seðlabankinn ekki í náinni framtíð, nema að ný stóriðja eða önnur tækifæri til hagvaxtar komi til.

Með hinni víðtæku sátt í kjaramálum og aðgerðum ríkisvaldsins til að standa við hana, „hefur um sinn verið lögð tryggari kjölfesta að stöðugleika í verðlagsþróun en oftast áður", segir Seðlabankinn. Árangurinn hafi þegar komið fram í því að verðbólga sé komin niður í 7- 8%, frá upphafi til loka þessa árs, og eigi að geta haldist nálægt þeim mörkum út samningstímann. „Hjöðnun verðbólgunnar á þessu ári markar tímamót í efnahagssögunni hér á landi."

Seðlabankinn segir mikilvægt að þetta reynist upphafið að varanlegri jafnvægisstefnu í efnahagsmálum. Íslendingar eygi nú í fyrsta skipti um langan aldur, að hægt er að ná því markmiði að verðbólga hér á landi verði svipuð og meðal annarra iðnvæddra þjóða.

Eigi þetta að takast verði menn bæði að gefa verðstöðugleika meiri forgang sem markmiði í stjórn efnahagsmála en gert hefur verið um langt skeið og jafnframt að draga réttar ályktanir af þeim árangri sem náðst hefur.


Gengismálin segir Seðlabankinn hafa verið í góðu jafnvægi að undanförnu, jafnframt því sem greiðsluhalli við útlönd hafi verið tiltölulega lítill bæði í ár og í fyrra. Sú stefna stöðugleika í gengismálum, sem fylgt hefur verið um eins árs skeið, virðist því ekki í mikilli hættu í náinni framtíð. Umræða um framtíðarstefnu í gengismálum sé þó nauðsynleg, þar sem hún geti skipt sköpum við nýja kjarasamninga haustið 1991. Ítrekar Seðlabankinn þá skoðun, að stöðugt gengi sé æskileg meginforsenda í stjórn peningamála hér á landi.

„Mjög örar breytingar hafa orðið undanfarin ár á starfsemi lánamarkaðarins í heild, þar sem verðbréfaviðskipti og frjáls markaðsákvörðun vaxta skiptir æ meira máli." Seðlabankinn segir mikla lánsfjárþörf ríkissjóðs mjög hafa sett svip sinn á markaðsþróunina. Innlend fjármögnun á halla ríkissjóðs og markviss samdráttur á lántökum hjá Seðlabanka dragi hvort tveggja úr þeirri hættu að halli ríkissjóðs leiði til innlendrar peningaþenslu.

Hve mjög hefur dregið úr lánsfjáreftirspurn fyrirtækja segir Seðlabankinn meginástæðu þess að ríkissjóður hafi getað aflað mikils lánsfjár í bankakerfinu án verulegrar útþenslu og peningamyndunar. Fyrirtækin hafi dregið verulega úr fjárfestingum og þess í stað lagt megináherslu á fjárhagslega endurskipulagningu og lækkun skulda. Almennt hafi fjárhagsstaða fyrirtækja batnað á þessu ári, þótt mörg eigi enn mikil vandamál óleyst, einkum vegna offjárfestingar og skuldasöfnunar, sem rekja megi til þensluáranna 1986 og 1987.

Seðlabankinn telur hins vegar óæskilegt að hlutur ríkissjóðs í útlánum bankakerfisins vaxi að ráði frá því sem nú er, ef bankarnir eigi að geta þjónað atvinnulífinu með eðlilegum hætti þegar efnahagsstarfsemin glæðist á ný. Verði því að reikna með að ríkissjóður þurfi að fjármagna greiðsluhalla sinn í vaxandi mæli með almennri verðbréfasölu utan bankakerfisins á næstu árum.

- HEI



Reykjavík:


Kveikt á Óslóar-trénu

Það var mikið fjölmenni á Austurvelli á sunnudag, þegar ljósin voru tendruð á „Óslóarjólatrénu", jólatré sem Óslóarbúar gefa Reykvíkingum. Það var norski sendiherrann sem afhenti tréð og Magnús L. Sveinsson, forseti borgarstjórnar, tók við því fyrir hönd Reykvíkinga.

Að því loknu brugðu jólasveinar á leik og skemmtu viðstöddum með söng og leik. Jólasveinarnir eru að vísu aðeins á undan áætlun, því þeir eiga ekki að koma til byggða fyrr en á morgun, 12 desember, og því viðbúið að þeir hafi skroppið í bæinn í leyfisleysi. Engu að síður skemmtu börn og fullorðnir sér konunglega.

Það var fjölmenni sem fylgdist með því þegar ljós voru kveikt á „Óslóartrénu" og kjörið tækifæri fyrir þá sem ætla að verða löggur þegar þeir verða stórir, að æfa varðstöðustellingarnar innan við kaðalgirðinguna.

Tímamynd: Pjetur



Jólasveinarnir eru sívinsælir, jafnvel þó þeir séu full snemma á ferðinni. Tímamynd Pjetur



Sigfús Halldórsson, sem löngu er orðinn landskunnur af lögum sínum, hefur opnað málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Sýningin er haldin í tilefni af því að í haust varð listamaðurinn sjötugur. Um er að ræða sýningu á rúmlega 100 vatnslitamyndum sem Sigfús hefur málað af mannlífi og mótívum úr Reykjavík. Sýningin var formlega opnuð um helgina og voru þeir fjölmargir sem komu til þessarar veislu. Lúðrasveit Reykjavíkur lék nokkur af lögum Sigfúsar og eins og sjá má á meðfylgjandi mynd höfðu þau Sigfús og kona hans nóg að gera við að taka á móti gestum. Tímamynd: GE

Hitaveita Reykjavíkur:

ORSÖKIN ÓFUNDIN

Eins og kunnugt er bárust yfir 500 kvartanir til Hitaveitu Reykjavíkur yfir helgina og héldu þær áfram að berast í gær, en yfir 100 kvartanir bárust í gærmorgun. Flestar kvartanirnar hafa komið frá íbúum Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Líklega er um að ræða stíflu sem heftir rennsli og var enn verið að leita að rót vandans í gær.

Gunnar H. Kristinsson hitaveitustjóri sagði í samtali við Tímann í gær að „vinnuhópar frá Hitaveitunni eru við skoðanir og mælingar en niðurstaða hefur ekki borist enn, en ég vonast eftir henni fyrir kvöldið". Ekki er því enn vitað hversu víðtækur vandinn er. Ástandið hefur þó eitthvað lagast samfara minni notkun sem kemur í kjölfar hlýrra veðurs, sagði Gunnar. Gunnar sagði jafnframt að hér væri ekki um að ræða þær magnesíumútfellingar og óhreinindi sem hafa borist frá Nesjavallavirkjun.

Viðgerðir við Miklubraut og Álfhólsvegi í Kópavogi, sem stóðu yfir nú um helgina, voru á venjulegum ryðskemmdum, að sögn Gunnars, og eru því ekki í tengslum við skort á heitu vatni sem er ástæðan fyrir meirihluta þessara kvartana.

—GEÓ

DÚA leikfangabílarnir landsþekktu eru úr tré.
Pöntunarsími 94–8181. Sendum hvert á land sem er.
Leikfangaverksmiðjan ALDA HF., Þingeyri Dýrafirði, sími 94–8181